

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. janúar 2026:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um snjallgangbrautir

Lagt er til að snjallgangbrautir verði settar upp við alla grunnskóla í borginni til að auka umferðaröryggi skólabarna.

Greinargerð

Lagt er til að nýta tæknibúnað sem skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá LED götulýsingu, sem sett er upp þannig að einungis gangbrautin og sá sem fer yfir verða lýstir upp. Þessi aðferð eykur öryggi barna sem eru á leið úr og í skóla. Þá kviknar lýsing í gangbrautarmarkinu og viðvörunarljós fyrir akandi umferð. Þessari tegund gangbrauta hefur nú þegar verið komið upp við fjóra skóla sem tilraunaverkefni, að tillögu okkar sjálfstæðismanna, sem hafa reynst vel í svartasta skammdeginu. Það er ekki nóg að slíkum gangbrautum sé komið upp við einn skóla í hverju hverfi það þarf að gera við alla skóla til að auka umferðaröryggi. Árið 2020 var gerð úttekt um göngupveranir við skóla borgarinnar varðandi gangbrautarljós, gangbrautavörslu og sérmerktar upplýstar gangbrautir. Í ljós kom að umferðaröryggi við skólana er ábótavant og að við 9 skóla í borginni eru ekki gangbrautir. Gangbrautarljós eru einungis við 7 skóla. Marg ítrekað hefur verið bent á að bæta þurfi umferðaröryggi við skólanna og ljóst að samkvæmt úttektinni er brýnt að hefjast handa sem fyrst til að bæta það. Hér er lagt til að koma með nútímalausnir sem nýtast vel í skammdeginu í Reykjavík.